

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum
fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til
31. desember 1977.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til 31. desember 1977.

Loðnumjöl, \$ 6,50 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, \$ 410,00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1 = 205,40.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 55% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. september 1977.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Pórður Ásgeirsson.